

um lögheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir. Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubóta. Sama gildir um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupmennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

3. gr.

Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en $\frac{2}{3}$ af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

4. gr.

Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

8. gr.

Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldr-

anna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

9. gr.

Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

10. gr.

Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, þegar þeir fóru af landi brott.

Þeim, sem 1. og 2. mgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

11. gr.

Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

12. gr.

Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

13. gr.

Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almanna-skráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

14. gr.

Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Greinargerð.

Frumvarp þetta mæltist félagsmálaráðuneytið til að heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytti.

Nefndin athugaði frumvarpið og ræddi það við þá menn, er það höfðu samið, eftir því sem til þeirra náðist. Enn fremur fékk hún hagstofustjóra til viðtals um málið.

Nefndin gerði á frumvarpinu nokkrar minni háttar breytingar og ákvað jafnframt að flytja það.

Framsögumaður var kosinn Karl Kristjánsson.

Frumvarpinu fylgdu til heilbrigðis- og félagsmálanefndar svo hljóðandi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958, til þess að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og semja frumvarp eða frumvörp um þau efni. Í nefndinni eiga sæti Bjarni Þórðarson bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson sýslumaður, Stórolfshvoli, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jón Guðjónsson bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson borgarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar. Nefndin hefur haft samráð við Klemenz Tryggvason hagstofustjóra um samningu frumvarpsins, og hefur hann settið marga fundi með nefndinni og gefið henni ýmsar mikilvægar upplýsingar, sem teknar hafa verið til greina við samningu frumvarpsins.

Það kom til álita að fella ákvæði um lögheimili inn í frumvarp til laga um sveitarstjórnarmálin, þar eð skipting þjóðfélagsþegnanna á milli hinna ýmsu sveitarfélaga veltur eðlilega á því, hvar hver einstakur þeirra á lögheimili. Reglurnar um lögheimili eru því að vissu leyti skilgreining á sveitarfélagi. Þar eð lögheimili hefur hins vegar mikla þýðingu í ýmsum öðrum samböndum, taldi nefndin rétt, að sett yrðu sérstök lög um þetta efni.

Með þessu frumvarpi er leitast við að skilgreina lögheimili á þann veg, að yfirleitt megi nota það, þar sem réttindi eða skyldur eru bundnar við búsetu eða heimilisfang. Í ýmsum samböndum mun það þó eigi nægja. Má t. d. nefna ákvæðin um framfærslurétt manna. Að visu er sá réttur bundinn við lögheimili, en til viðbótar er gerð sú krafa, að hlutaðeigandi hafi ekki þegið framfærslustyrk í öðru sveitarfélagi ákveðið tímabil.

Í lögum þeim, sem nú gilda, eru hvergi greinileg ákvæði um það, hvar menn skuli eiga lögheimili. Lög nr. 95/1936, um heimilisfang, hafa fá ákvæði að geyma um það atriði. Sama er að segja um lög nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta. Nokkur ákvæði eru um þetta efni í framfærslulögum, nr. 80/1947, en þau ákvæði eru eingöngu bundin við framfærslurétt og eru ekki fullnægjandi. Vegna þess, hve ákvæðin um lögheimili eru óljós, hafa jafnan verið nokkur brögð að því, að útsvör hafi verið lögð á sama mann í fleiri sveitarfélögum í senn, sami maður hefur verið á kjörskrár samtímis í fleiri sveitarfélögum, deilur verða oft um sveitfesti manna, o. fl. mætti nefna. Nokkur bót var hér á ráðin með lögum nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, en þau lög hafa þó eigi nein efnisákvæði um lögheimilið. Til þess að vænta megi fulls árangurs af starfi þjóðskrárinnar, verður að setja sem gleggst ákvæði um það, hvar hver einstaklingur skuli eiga lögheimili. Ákvæði þessa frumvarps fjalla um þetta efni.

Í 2.—6. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði um það, hvar lögheimili manna skuli vera. Í 7.—11. gr. eru sérreglur um hjón, börn, ungt fólk, námsmenn o. fl. Þar eð ákvæði frumvarpsins binda lögheimilið við ástand, sem ríkir, getur yfirlýsing eftir geðþótta um lögheimili, sem andstæð er staðreyndum, ekki haft gildi, ef hún er vefengd. Þó að val manns á lögheimili sé þannig háð því, hvar hann á heima í raun og veru, hefur hann vissulega óbundnar hendur um það, hvar heimili hans er.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því, að hann sé á neinn hátt sviptur frelsi sínu í því efni. Hins vegar er það meginregla samkv. frv., að hann hafi lögheimili þar, sem heimili hans er. Það mun vera nokkuð algengt, að lögheimili sé tilkynnt annars staðar en heimilið er. Það skiptir oft miklu máli í sambandi við útsvörin, svo að menn tilkynna stundum lögheimili sitt annars staðar en þeir eru og eiga heimili. Hér er um hagsmunamál í milli sveitarfélaga að ræða, sem ekki er viðunandi að látin séu velta á geðþótta einstaklinganna um val lögheimilis.

Eins og fyrr segir, er í frv. þessu gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að menn eigi lögheimili þar, sem þeir eiga heimili í raun og veru. Í öðru lagi er tekið tillit til þess, ef menn hafa heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, hvar aðalátvinna þeirra er, sem þá ræður um lögheimilið.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í aðalatriðum eins og ákvæði 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang. Hér er þó fastar að orði kveðið um það, að enginn getur átt nema eitt lögheimili í senn. Lög nr. 66/1945, um útsvör, gera ráð fyrir því, að menn geti átt lögheimili á fleiri stöðum en einum, sjá 8. gr. þeirra laga, 3. mgr. d. Þar eð lögheimili manns sker úr um það, til hvaða sveitarfélags skuli telja hann, er augljóst, að hver maður verður að eiga lögheimili og að enginn geti átt lögheimili nema á einum stað í senn.

Um 2. gr.

Reglan um það, að lögheimili manns skuli vera þar, sem hann á heimili, virðist vera sjálfsögð. Í 13. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, segir, að lögheimili manns sé þar, sem hann hefur fast aðsetur. Fast aðsetur táknar nokkurn veginn hið sama og orðið heimili, en hið síðara er oftast notað í mæltu máli. Skilgreining 2. mgr. á orðinu heimili er lýsing á venjulegu heimili, sem ekki þarfnast skýringa. Undantekningar þær, sem um er rætt í 3. mgr., svara til hliðstæðra undantekninga í 14. gr. framfærslulaganna, en ákvæði frumvarpsins ganga nokkru lengra í þessu efni en ákvæði framfærslulaganna gera. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að dvöl vegna árstíðabundinnar atvinnu breyti ekki lögheimili manns, ef hann að lokinni slíkri dvöl hverfur aftur til þess heimilis, er hann hafði, þegar sú dvöl hófst. Hér á landi er atvinna manna víða mjög bundin árstíðum. Gildir þetta einkum um atvinnu unga fólksins. Það er mjög algengt, að það verði að fara til annarra sveitarfélaga í atvinnuleit á vissum tímum á ári hverju. Þegar þetta fólk leitar aftur heim í sveit sína, kaupstað eða kauptún eftir nokkurra mánaða fjarveru, virðist eðlilegt, að það haldi lögheimili sínu þar. Öðru máli er að gegna, þegar tengslin rofna við upphaflega heimilið. Þegar svo er komið, þykir ekki ástæða til, að sérregla gildi. Umrædda dvöl verður þá að skoða sem venjulega heimilisdvöl, ef hún annars fullnægir ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Einn nefndarmanna, Tómas Jónsson, telur orðin „eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu“ í 3. mgr. óþörf.

Venjuleg vetrardvöl hefst oftast um mánaðamót september og október og lýkur í byrjun maí eða um miðjan maímánuð. Slík dvöl varir því eigi lengur en 8 mánuði, og takmarkast þetta ákvæði greinarinnar við það. Með skírskotun til þessa gerir Tómas Jónsson ekki ágreining um frumvarpsgreinina.

Ákvæði 4. mgr. vegna varnarliðsvinnu þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Það kann að virðast fremur fátítt, að menn eigi samtímis fleiri en eitt heimili. Þó munu vera til dæmi um það. Þegar ákveða skal, hvert heimilið sé lögheimili, skal telja það heimilið lögheimili, þar sem hlutaðeigandi maður hefur aðalátvinnu sína, sbr. nánari ákvæði í greininni um aðalátvinnu. Þegar heimili manns sker ekki

úr um lögheimili hans, virðist eðlilegt að taka tillit til atvinnunnar og telja lögheimilið á þeim staðnum, sem hún er mest. Val hlutaðeigandi manns kemur fyrst til greina, þegar hvorki reglan um heimilið né reglan um aðalatvinnu sker úr um lögheimilið.

Um 4. gr.

Svo kynni að virðast í fljótu bragði, að þau tilvik séu fátið, sem heimfæra mætti undir þessa grein. Þó er ekki fyrir það synjandi, að maður kunni að hafa stundað samtals 6 mánuði atvinnu í sama sveitarfélagi á síðustu 12 mánuðum án þess að eignast þar nokkurt heimili samkv. 2. og 3. mgr. 2. gr. Einkum kynni þetta að geta skeð, ef hann næði 6 mánaða markinu með tveimur eða fleiri atvinnutímabilum, sem þá varaði aðeins nokkrar vikur í hvert skipti.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin geymir almenna reglu, sem jafnframt er tæmandi. Þeir, sem ekki eiga lögheimili samkv. 2.—5. gr., hljóta það samkv. þessari grein. Sennilega verða fáir heimfærðir undir þessa grein, en þó áreiðanlega nokkrir.

Um 7. gr.

Hér er sérregla um hjón. Sjálfsagt þykir, að þau eigi saman lögheimili, sbr. þó 2. mgr. Það getur borið við, að þau hafi sitt heimilið hvort, t. d. vegna atvinnustaðar mannsins. Þá er það aðalreglan, að heimili konunnar, sem oftast mun hafa börnin hjá sér, verður lögheimilið. Hitt mun fátiðara, að börnin skiptist milli heimila mannsins og konunnar, nema þá við sambúðarslit, sbr. 2. mgr., en ef svo stendur á, eiga hjónin sameiginlegt val um það, hvort heimilið skuli vera lögheimili þeirra, sbr. regluna í 3. gr. Rétt virðist, að það, sem ákveðið er um hjón, skuli og gilda, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á börn saman.

Samkvæmt 2. mgr. fer um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman 2 ár eða lengur, eftir að þau giftust, sem um lögheimili einstaklinga. Samkvæmt lögum nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, 63. gr., getur hvort hjóna sem er krafizt skilnaðar, ef þau hafa lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Um 8. gr.

Eðlilegt virðist, að börn, sem yngri eru en 16 ára, eigi sama lögheimili og foreldrarnir. Sama er að segja um kjörbörnin. Til þess að fósturbörn fái lögheimili fósturforeldra sinna, er svo ákveðið í greininni, að þau séu í fóstroinu án meðgjafar. Ef ekki er um að ræða munaðarlaus börn, sbr. 3. mgr., virðist samband barns við föður sinn eða móður veikt, ef hvorugt þeirra annast framfærslu þess, svo að eðlilegt virðist að telja lögheimili þess hjá fósturforeldrum, sem annast framfærsluna.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar um fólk, sem verið hefur hjá foreldrum sínum og yngri er en 21 árs, eru byggð á því, að fólk á þessu aldurskeiði er oft mjög óráðið og sé því rétt að tengja lögheimili þess við heimili foreldranna, nema samband þess við það sé algerlega rofið. Samkvæmt 2. mgr. er lagt til, að sama regla skuli gilda um þá, sem stunda nám sem aðalviðfangsefni, þó að þeir séu eldri en 21 árs, unz námi lýkur. Ástæðin fyrir því er ekki sú, að þetta fólk sé yfirleitt óráðið, eins og yngri fólkið er oft, heldur hin, að námsdövl er oft mjög löng, en þó í eðli sínu ekki heimilisfesta í raun og veru. Sýnist þá eðlilegt að láta foreldraheimilið ráða, nema tengsl við það séu algerlega rofin.

Um 10. gr.

Hér er enn sérregla um námsfólk, sem eðlilegt virðist að lögfesta. Það mun velta á ýmsu um lögheimili þeirra, sem nú stunda nám í útlöndum, enda engin ákvæði í núgildandi lögum um þessi efni. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, svo að ekki er víst, að ástandið breytist frá því, sem nú er, þó að ákvæðið verði lögtekið.

Í 33. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er 5 ára búseta í landinu sett sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Það virðist þess vegna vera varhugavert að rýmka heimild þeirra, sem erlendis eru, til þess að telja lögheimili sitt hér á landi frá því, sem lagt er til í frumvarpinu. Auk námsfólks tekur heimildin einnig til sjúklinga og þeirra, sem fara til útlanda í kynnisfarir til ættingja sinna eða venzlafólks. Slíkar kynnisfarir geta stundum staðið yfir í heilt ár eða jafnvel lengur.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um starfsmenn í þjónustu ríkisins og er að efni til samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, er mönnum skylt að tilkynna sveitarstjórn, ef þeir skipta um aðsetur eða heimilisfang, sjá 2. og 3. gr. þeirra laga. Hér er lagt til, að ákvæði þessara laga skuli gilda, eftir því sem við á, um breytingu á lögheimili.

Í framkvæmdinni munu slíkar tilkynningar ráða miklu um það, hvar lögheimili manna verður talið. Þykir því nauðsynlegt, að um slíkar tilkynningar gildi fastar reglur eins og um aðsetursskipti. Aðsetur og heimili fer oftast saman. Aðsetursstaður manna er þess vegna að jafnaði lögheimili hans. Það er ekki ástæða til þess að setja sérstök lagaákvæði um breytingu á lögheimili. Gildandi ákvæði um tilkynningar aðsetursskipta eru fullnægjandi, ef þau eru einnig látin gildi um breytingu á lögheimili.

Um 13. gr.

Þjóðskráin semur árlega íbúaskrár fyrir sveitarfélögin miðað við 1. desember, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956. Íbúaskrárnar eru miðaðar við aðsetursstað manna, en hér er lagt til, að þær verði miðaðar við lögheimili.

Um 14. gr.

Samkvæmt grein þessari á dómari úrskurð um lögheimili, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Gert er ráð fyrir, að aðili sjálfur, þjóðskráin og hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi heimild til þess að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Upplýsingar þær og heimildir, sem þjóðskráin hefur, kunna að rekast á. Geti þjóðskráin ekki sjálf aflað nægra upplýsinga, svo að ósamræmið verði örugglega leiðrétt, er henni nauðsynlegt að geta snúið sér til dómara og fengið úrskurð um lögheimilið. Þá verður að gera ráð fyrir því, að það geti komið fyrir, að sveitarstjórn telji íbúaskrá vafasama eða ranga varðandi einhvern einstakling, og er þá sveitarstjórn rétt að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Nauðsynlegt er, að dómari hraði mjög afgreiðslu slíkra mála. Það er því lagt til, að með málið skuli farið að hætti opinberra mála.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.